

Klausturbleikja  
Klausturvegi 5  
880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 17. apríl 2019  
UST201809-024/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Staða frávíka**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 17. október 2018 sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum sem skráð voru í eftirliti þann 30. ágúst 2018. Þann 19. febrúar 2019 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Slátrað er í eldiskerjum og fiskur fluttur dauður í vinnslu á Kirkjubæjarklaustri. Starfsleyfið nær einungis til fiskeldis, ekki slátrunar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er málið í skoðun hjá MAST. Stofnunin ítrekar að slátrun er ekki heimil á staðnum skv. starfsleyfi og fer fram á að rekstraraðili uppfæri úrbótaáætlun sína hvað frávik nr. 1 varðar.**
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Losun fosfórs milli inntaks vatns og viðtaka er yfir losunarmörkum. **Rekstraraðili mældi fosfór í frárennsli aftur í janúar 2019 og reyndist efnið undir losunarmörkum. Stofnunin lítur svo á að frávikinu sé lokið en óskar þess að rekstraraðili mæli aftur næsta vetur og sendi stofnuninni niðurstöður mælingarinnar fyrir 1. apríl 2020.**
3. Gr. 3.5 í starfsleyfi. Ársyfirlit barst ekki fyrir 1. maí og skráningum var ábótavant, sbr. gr. 3.1. **Gögnin hafa borist stofnuninni og telst frávikinu því lokið. Stofnunin óskar þess þó að framvegis berist þjálfunarskrá með ársyfirliti.**
4. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Grænt bókhald barst ekki fyrir 1. maí og skráningum er ábótavant: Gildistími starfsleyfisins er vitlaust skráður. Skv. lið 6.8 í GB fer dauðfiskur í dýrafóður en samkvæmt lið 4.6 er hann urðaður. **Grænu bókhaldi var skilað 1. júní. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila mun grænt bókhald framvegis berast á réttum tíma. Gildistími starfsleyfis hefur verið leiðréttur og röng skráning á dauðfiski hefur verið leiðrétt. Dauðfiskur er nú allur urðaður á urðunarstað Skaftárhrepps V-Skaftafellssýslu. Skv. rekstraraðila eru allar skráningar á dauðfiski settar daglega inn á þar til gert eyðublað í eldisstöðinni á Teygingalæk og síðan færðar mánaðarlega inn í tölvukerfi fyrirtækisins í starfstöðinni á Kirkjubæjarklaustri.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila hvað frávik 2, 3 og 4 varðar en óskar eftir uppfærðri áætlun varðandi frávik 1.**


Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Huldu Soffiu Jónasdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [hulda.jonasdottir@ust.is](mailto:hulda.jonasdottir@ust.is).

  
Hulda Soffía Jónasdóttir  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Frigg Þorlaciús  
lögfræðingur

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Suðurlands